

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa frístundahús með þakhalla á bilinu 0-45 gráður í stað 15-45.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. október 2013.
2. *Deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar Litli-Háls.*
Deiliskipulagið nær yfir 16 ha svæði og gerir ráð fyrir allt að 80 m² gróðurskála, 400 m² vélaskemmu, 50 m² hæsnakofa, 150 m² fjárhúsi, 900 m² reiðskemmu og þremur gistihúsum sem mega vera allt að 120 m² hvert.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. nóvember 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. nóvember 2013